



AFREKSBUÐIR KKÍ 2020



Reykjavík, 4. júní 2020

Kæri leikmaður.

KKÍ mun standa fyrir Afreksbúðum í ár líkt og síðastliðin sumur. Afreksbúðirnar eru undanfari að U15 ára landsliði Íslands sem kallað verður inn til æfinga í lok ársins fyrir verkefni sumarið 2021. Í Afreksbúðum er það yfirþjálfari ásamt gestþjálfurum hans sem stjórna ýmsum tækniæfingum.

Þú hefur verið tilnefndur til að taka þátt í þessum æfingabúðum af Snorra Erni Arnaldsyni, yfirþjálfara búðanna. Að þessu sinni eru 54 drengir sem fæddir eru árið 2006 boðaðir í Afreksbúðir drengja.

Afreksbúðirnar verða haldnar á tveim helgum í lok ágúst og verður æft tvisvar hvorn dag en æft verður á sitthvorum staðnum. Fyrri æfingahelgin fer fram dagana 22.-23. ágúst í nýja íþróttahúsinu í Grindavík og seinni helgin verður svo haldin viku seinna, helgina 29.-30. ágúst í Ólafssal að Ásvöllum í Hafnarfirði. Stuttur fundur verður í upphafi fyrstu æfingunnar fyrsta æfingadaginn á fyrri helginni þar sem farið verður yfir áherslur Afreksbúðana og svo yngri landsliða KKÍ.

Dagskráin er eftirfarandi í sumar:

Drengir - æfingahelgi 1 í íþróttahúsinu í Grindavík

Laugardagur 22. ágúst kl. 11:00-13:00 og 15:00-17:00

Sunnudagur 23. ágúst kl. 09:00-11:00 og 13:00-15:00

Drengir - æfingahelgi 2 í Ólafssal að Ásvöllum, Hafnarfirði

Laugardagur 29. ágúst kl. 11:00-13:00 og 15:00-17:00

Sunnudagur 30. ágúst kl. 12:30-14:30 og 16:00-17:30

Vinsamlegast staðfestið mætingu eða forföll á www.kki.is/afreksbudir til að hægt sé að halda utan um mætingu allra leikmanna. Þar er einnig að finna allar upplýsingar um búðirnar ef á þarf að halda þegar nær dregur.

Þátttökugjald fyrir hvern þátttakanda í Afreksbúðunum er 7.000 kr. samtals fyrir báðar helgarnar. Hægt verður að greiða með korti eða peningum.

Fyrir hönd KKÍ,

Hannes S. Jónsson
Formaður KKÍ

Herbert S. Arnarson
Formaður Afreksnefndar KKÍ

Snorri Örn Arnaldsson
Yfirþjálfari Afreksbúða drengja

